Ársfundur 2010

Tillaga til breytinga á samþykktum Gildis - um aukinn sveigjanleika við töku ellilífeyris.

Lagt er til að við 11. kafla samþykkta Gildis-lífeyrissjóðs bætist ný gr. er verði númer 11.6., svohljóðandi:

„Sjóðfélagi getur ákveðið að hefja töku ellilífeyris í 50% hlutfalli hvenær sem er eftir að 60 ára aldri er náð og telst hann þá hafa ráðstafað þeim hluta ellilífeyrisréttinda sinna sbr. gr. 11.4. Sjóðfélagi sem hafið hefur töku ellilífeyris að hluta eða fullu getur frestað töku lífeyris og fer þá um áhrif frestunar á lífeyrisrétt hans eftir reiknireglu í töflu VII, sbr. gr. 11.3. og 11.5. þannig að réttur til mánaðarlegs lífeyris aukist sem nemur áhrifum frestunar á verðmæti réttinda hans. Frestun endurvekur ekki rétt til framreiknings örorkulífeyris sem ráðstafað hefur verið skv. gr. 11.4. Sjóðfélagi er bundinn við val sitt um töku ellilífeyris í minnst 12 mánuði í senn."

Númer annarra greina 11. kafla sem á eftir koma breytast í samræmis við framangreinda breytingu.

Greinargerð

Fram hefur komið að áhugi sé á því meðal sjóðfélaga að geta hafið töku hluta ellilífeyris samhliða minnkuðu starfshlutfalli. Sjóðfélaginn sé þannig að hluta í vinnu og að hluta á lífeyri. Í réttindakerfi sjóðsins verður þá haldið utan um réttindi viðkomandi sjóðfélaga í tveimur ferlum; annars vegar sem greiðandi sjóðfélaga en hins vegar sem lífeyrisþega. Komi til þess að sjóðfélagi sem hafið hefur töku ellilífeyris að hluta missi starfsorku sína fyrir 65 ára aldur fer um rétt hans til örorkulífeyris eftir almennum reglum 12. kafla samþykktanna. Hann fær þá áunnin örorkulífeyri fyrir þann hluta lífeyrisréttar síns sem hann hefur ekki áður ráðstafað með töku ellilífeyris. Auk þess reiknast honum réttur skv. reglum gr. 12.5. og 12.6. um framreikning miðað við rétt hans til örorkulífeyris.

Flýti sjóðfélagi töku lífeyris og hefji töku hans fyrir 67 ára aldur lækkar mánaðarlegur lífeyrir skv. reglu greinar 11.4. að því marki að verðmæti heildarlífeyrisréttinda sjóðfélagans aukist hvorki né minnki við þessa ákvörðun. Þessi áhrif eru reiknuð út skv. þeim tryggingafræðilegu uppgjörsreglum sem gilda fyrir sjóðinn á hverjum tíma og birtist niðurstaðan í töflu II í viðauka með samþykktunum. Á sama hátti aukast réttindi sjóðfélaga við frestun á töku lífeyris og birtast áhrif þess á verðmæti lífeyrisréttar í töflu III. Hér er lagt til að kveðið verði á um rétt sjóðfélaga til að fresta töku lífeyris eftir að hann hefur hafið töku hans. Miðað er við að sama lögmál gildi um slíka frestun, þannig að hún hvorki auki né minnki verðmæti heildarlífeyrisréttar sjóðfélagans. Áhrif frestunar verði reiknuð samkvæmt sömu grunnreglu og gildir um flýtingu og frestun eftir greinum 11.3 og 11.2. en ný tafla, tafla VII, verði birt til að endurspegla áhrif frestunar á töku lífeyris eftir að taka hans hefur verið hafin.